



Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar  
Norðurhella 2,  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 08.10.21

### **Efni: Umsögn Veitna vegna deiliskipulags Hamranes 3A og 21B**

Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar auglýsir deiliskipulag fyrir Hamranes 3A og 21B. Deiliskipulagið felur í sér uppbyggingu á svæði í Hamranesi sem er staðsett í Vallahverfi. Samkvæmt tillöguinni miðast uppbyggingin við allt að 145 íbúðir á reit 3A og 120 íbúðir á reit 21B. Byggingarreitir koma til með að ná að lóðarmörkum að hluta til, bílakjallarar að hluta til og djúpgámar staðsettir við gangstéttar.

Búið er að leggja dreifikerfi hitaveitu í gangstéttir í Vallahverfi. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir að byggingarreitir, bílakjallarar og djúpgámar séu staðsettir þétt við gangstéttar þar sem hitaveitulagnirnar liggja. Veitur benda á að verja þurfi lagnirnar með viðeigandi ráðstöfunum á framkvæmdatíma, til dæmis með að byggja undir þær á meðan á uppbyggingu stendur.

Veitur benda einnig á skilmála um inntakstaði og heimlagir og að nauðsynlegt er að aðkoma lagna sé tryggð að öllum byggingum með tillit til bílakjallara og staðsetningu á djúpgámum.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að unnið sé í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir